

fréttir

Ekki samkomulag um úthlutun á starfslaunum listamanna:

„GAT EKKI SAMVISKU MINNAR VEGNA STUTT SUMA HLUTI”

— segir Thor Vilhjálmsson

„Þetta er í fyrsta sinn, í þau sex ár sem ég hef verið fulltrúi listamanna í þessari nefnd, sem segja má að við höfum ekki komist að samkomulagi um úthlutun starfs-launa listamanna, sagði Thor Vilhjálmsson í samtali við Tímann, en nýlega var starfslaunum til 26 listamanna úthlutað.

„Það varð samkomulag um marga hluti í nefndinni og ég tel að margt gott hafi verið gert en um aðra hluti var alger óeining og varð atkvæðagreiðsla að skera úr um atriði en það er einnig í fyrsta sinn sem slíkt gerist á þeim tíma sem ég hef verið í nefndinni.”

„Ég áskildi mér rétt til að láta

það koma fram að ég gæti ekki með nokkru móti, samvisku minnar vegna, stutt suma hluti sem hinir tveir í nefndinni báru fram.”

Aðspurður um einstök dæmi í þessu sambandi sagðist Thor ekki vilja nafngreina einstaka menn á þessu stigi en mestur ágreiningur í nefndinni mun hafa orðið um hluta þeirra, sem áttu að fá laun sem rithöfundar þótt um fleira væri deilt.

„Ég vil að fyllsta tillit sé tekið til ungra og upprennandi manna, sem sýnt hafa hæfileika og raunar ættu þessi laun að vera í tvennu lagi, annars vegar til

þeirra sem eru í eldlinunni og hinsvegar til að gefa ungum mönnum tækifæri til að sýna hvað í þeim býr”, sagði Thor.

„Ég tel að mönnum sem er falið svona verk, eins og okkur, sé skylt að vinna það eftir bestu vitund og eftir því sem samviskan býður og ef mér finnst keimur af því að verið sé að hygla mönnum pólitískt eða persónulega hleypir það illu blóði í mig.”

„Þessir peningar eru handa listamönnum” sagði Thor að lokum.

Alls sóttu 65 um starfslaunin en til þeirra var ætlað á fjárlögum í ár 765 þúsund kr.

8 mánaða laun:

Jón Þórarinnsson til að vinna að tónverkum, Leifur Þórarinnsson til að vinna að óperu, Tryggvi Ólafsson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu.

6 mánaða laun:


Asgerður Búadóttir til að vinna að myndvefnaði og undirbúa sýningu, Jóhannes Helgi til að skrifa leikrit fyrir sjónvarp og vinna að þýðingum, Jón Reykdal til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Helgi Þorgíls Friðjónsson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Sigurbór

Jakobsson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Snorri Sigfús Birgisson til að vinna að tónverkum.

3ja mánaða laun:

Agúst Petersen, Arni Blandon Einarsson, Arni Ingólfsson, Aslaug Ragnars, Gunnar R. Bjarnason, Gunnlaugur St. Gíslason, Haukur Dór Sturluson, Helgi Gíslason, Indriði Ólfsson, Jóhanna Bogadóttir, Jón E. Guðmundsson, Ólafur Lárusson, Sigríður Björnsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Steinar Sigurjónsson, Steinunn Þórarinsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. —FRI

skattskráin



■ Bessi Bjarnason



■ Gunnar Eyjólfsson



■ Helga Bachmann

Skattar leikaranna: Bessi og Gunnar eru í sérflokkki

■ Skattskrá Reykvíkinga hefur séð dagsins ljós að nýju eftir nokkurt hlé. Samkvæmt nýju skattalögunum sem samþykkt voru að stofni til árið 1978, en hefur verið krukkað í nokkuð síðan, er gert ráð fyrir að skattskrá verði ekki birt fyrir en álagningu er að fullu lokið og færur afgreiddar.

Þetta ákvæði tók gildi við álagningu fyrir árið 1980 af tekjum ársins 1979. Skattskrá ársins 1980 kemur því út um einu ári seinna en venjulega. Ekki voru þó allir ánægðir með þá breytingu. Í vetur fluttu nokkrir þingmenn breytingartillögur við skattalögin, sem fela það í sér að aftur verði farið að gefa út skattskrár, strax að lokinni

álagningu, og voru þessar tillögur samþykktar. Þær koma hins vegar ekki til framkvæmda fyrir en á næsta ári.

Tímamenn hafa ákveðið að glugga næstu daga eða jafnvel vikurnar í nýutkomna skattskrá og huga að því hvað hinir einstöku starfshópar hafa í skatta og eins tekjur, reiknað út frá álögðu útsvari. Í dag eru það leikarar sem verða teknir fyrir. Við tókum að handahófi fimm leikara. Hins vegar verður að hafa í huga að hér er um að ræða skatta ársins 1980, vegna tekna sem unnið er inn fyrir á árinu 1979, þannig að tölurnar verða að skoðast í ljósi þess.

Leikararnir sem við völdum í fyrstu skoðunina eru: Arni Tryggvason, Bessi Bjarnason,

Guðmundur Pálsson, Gunnar Eyjólfsson og Helga Bachmann. Miðað við álagt útsvar kemur í ljós að Bessi virðist hafa borið mest úr bótum eða rúmar 10 millj. gkr. Á hæla hans kemur Gunnar Eyjólfsson með rúmar 9 millj. gkr. Hinir þrír leikararnir eru nokkuð jafnir, með tekjur á bilinu frá um 6 millj. gkr. til 7.5 millj. gkr.

Í samræmi við þetta leggja Bessi og Gunnar mest til þjóðarbusins í formi skatta, eða rúmar 4-4.5 millj. gkr. Til frekari glöggvunar er birt hér tafla yfir skatta fyrrnefndra leikara, þ.e. tekjuskatt, eignaskatt, útsvar, samtals álögð gjöld og að lokum áætlaðar tekjur miðað við útsvarsálagningu.

Kás

Allt í gömlum krónum

Nafn:	tekjusk.	eignask.	útsvar	samtals	áætl. tek
Bessi Bjarnason	2.867.652	37.547	1203.000	4.523.300	10.126.262
Gunnar Eyjólfss.	2.498.096	269.985	1102.000	4.065.027	9.276.094
Arni Tryggvason	1.184.473	0	888.000	2.239.720	7.474.747
Guðm. Pálsson	1.230.773	0	724.000	2.085.325	6.094.276
Helga Bachmann	1.510.319	50.867	778.000	2.480.580	6.548.821

ATH: Skattar ársins 1980, vegna tekna ársins 1979. Laun hafa að meðaltali hækkað a.m.k. um 60-70% frá lokum ársins 1979.

Humarafli 45% meiri á Höfn en í fyrra

■ „Þetta virðist vera ágæt humarvertið. Það eru komin rösklega 100 tonn af slitnum humri á land, sem er talsvert meira en í fyrra. Þá vorum við með um 70 tonn,” sagði Hermann Hansson, kaupfélagsstjóri á Höfn í Hornafirði, í samtali við Tímann í gær, en humarvertið hefur nú staðið í rúmlega tvær vikur. Þetta mun vera 45% meiri afli en í fyrra.

Höfn er mesti aflastaðurinn á vertíðinni, en þaðan stunda bátar humarveiðar. Samtals eru 76 bátar við veiðarnar, frá Djúpa-vogi suður og vestur um til Snæfellsness. Á flestum þessum veiði-stöðum hefur humarveiðin gengið mjög vel, eftir þeim fréttum sem Tíminn aflaði sér í gær.

Páll Bjarnason hjá Hraðfrysti-húsi Stokkseyrar sagði að veiði bátanna þaðan hefði verið mjög góð. Dæmi væru um að bátur hefði náð 2,8 tonna afla eftir einn tíu. Sigurður Rúnar Steingrims-son, vigtarmaður í Grindavík, kvað veiðina hafa verið mjög þokkalega hjá Grindavíkur-bátum.

Guðmundur Ingimarsson hjá Fiskfélagi Íslands, sagði í gær að heilar tölur lægju enn ekki fyrir um humaraflann á vertíðinni. Guðmundur sagði þó að samkvæmt þeim fréttum sem Fiskifélaginu hefði borist hefði veiðin verið mjög góð miðað við veiðina í fyrra, og var hún þó talin góð. Samtals verður leyfd veiði á 2700 lestum af óslitnum humar í sumar.

-JSG

Endurskin á bilhurðum eykur öryggi i umferðinni

UMFERÐAR RÁÐ

Umboðsmenn Tímans Norðurland

Staður:	Nafn og heimili:	Sími:
Hvammstangi:	Eyjólfur Eyjólfsson	95-1384
Blönduós:	Olga Óla Bjarnadóttir, Arbraut 10	95-4178
Skagaströnd:	Arnar Arnarson Sunnuvegi 8	95-4646
Sauðárkrúkur:	Guttormur Óskarsson, Skagfirðingabr. 25	95-5200 95-5144
Siglufjörður:	Fríðfinna Símonardóttir, Aðalgötu 21	95-71208
Ólafsfjörður:	Skúli Fríðfinnsson, Aðalgötu 48	96-62251
Dalvík:	Brynjar Fríðleifsson, Ásvegi 9	96-61214
Akureyri:	Viðar Garðarsson, Kambagerði 2	96-24393
Húsavík:	Hafliði Jósteinsson, Garðarsbraut 53	96-41444
Raufarhöfn:	Arni Heiðar Gylfason, Sólvöllum	96-51258
Þórshöfn:	Kristinn Jóhannsson, Austurvegi 1	96-81157